

# STJÓRNARTÍÐINDI B 53 – 1992

---

---

Nr. 355

710

30. september 1992

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 290, 28. júlí 1992,  
um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1. september 1992 til 31. ágúst 1993.

1. gr.

Í stað „þ.a. Skagafjörður .... 600 lestir“, í 1. mgr. 4. tl. 3. gr. komi: þ.a. Skagafjörður .... 300 lestir.

2. gr.

Eftir 3. málslíð 2. mgr. 3. gr. komi nýr málslíður er orðist svo: Heimilt er með tilkynningu til leyfishafa að seinka upphafi vertíðar á tilgreindum veiðisvæðum innfjarðarrækju, liggi fyrir um það tillögur frá Hafrannsóknastofnun.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990 um stjórn fiskveiða til þess að öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 30. september 1992.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Árni Kolbeinsson.*

Nr. 356

30. september 1992

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 347, 15. september 1992,  
sérstök togveiðisvæði samkvæmt lögum nr. 38/1990.

1. gr.

Í stað C liðar 1. gr. komi ný málsgrein er orðist svo: Ennfremur eru veiðar með botnvörpu heimilaðar á tímabilinu frá og með 1. nóvember 1992 til og með 31. janúar 1993 á tveimur svæðum fyrir Vestfjörðum er markast þannig:

A: Utan línu, sem dregin er 8 sjómíllur utan viðmiðunarlínu, samkvæmt lögum nr. 81/1976, frá línu dreginni réttvísandi í vestur frá Bjargtöngum að línu, sem dregin er 328° réttvísandi frá Sauðanesvita (66°07'1 N, 23°39'2 V).

B: Norðan línu, sem dregin er  $317^\circ$  frá Óshólavita í Ísafjarðardjúpi norður um að  $22^\circ 44' 0''$  V, eru togveiðar með botnvörpu heimilaðar utan fjögurra sjómílna frá viðmiðunarlínu.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 21. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990 um stjórn fiskveiða til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 30. september 1992.*

**Þorsteinn Pálsson.**

Árni Kolbeinsson.